

Guðrún Jóna Arinbjarnardóttir

Arkitektúr

*Byggingarlist hinna sjö skynfæra*

Leiðbeinandi: Hildigunnur Sverrisdóttir

Janúar 2010

|  |           |
|--|-----------|
| <b>INNGANGUR.....</b>  | <b>3</b>  |
| <b>BYGGINGARLIST HINNA SJÖ SKYNFÆRA .....</b>  | <b>4</b>  |
| HLJÓMBURÐAREIGINLEIKAR NÁINNA TENGLA .....   | 6         |
| ÞÖGN, TÍMI OG EINVERA .....  | 6         |
| RÝMI ILMSINS.....  | 7         |
| BRAGÐ ARKITEKTÚRS.....   | 7         |
| MÓTUN SNERTINGAR .....   | 9         |
| MYND VÖÐVA OG BEINA.....   | 10        |
| LÍKAMLEG STAÐFESTING .....   | 11        |
| <b>HVAÐ ER STAÐUR OG HVAÐ MYNDAR STAÐI? .....</b>  | <b>12</b> |
| <b>ANDI STAÐAR OG MYNDUN HANS .....</b>  | <b>18</b> |
| HVERNIG SKYNJUM VIÐ ANDA STAÐAR Í GEGNUM HIMNUNA OG HVERT ER HLUTVERK<br>BYGGINGARLISTAR?..... | 21        |
| <b>LOKAORD.....</b>  | <b>23</b> |
| <b>HEIMILDASKRÁ .....</b>  | <b>24</b> |
| <b>MYNDASKRÁ.....</b>  | <b>26</b> |

## *Inngangur*

Allar lifandi verur skynja umhverfi sitt og staði í gegnum líkama sinn. Húðin er eitt stærsta líffæri manneskunnar og einnig eitt stærsta skynfærið. En í gegnum mannkynsöguna hefur verið horft á sjónina sem æðsta skynfæri líkamans og snertingin verið það lítilfjörlegasta. Einnig er áberandi hvernig skynfærum eins og þeim sem felast í beinagrind og vöðvum hefur verið sleppt algjörlega í þessari heildarmynd skynfæranna, sem verður að teljast meira en lítið sérkennilegt, þar sem þetta eru skynfæri sem hafa mikil áhrif á upplifun verunnar á byggingarlist og umheiminum.

Upplifun okkar á byggingarlist og umheiminum öllum er lesin í gegnum skynfærin og túlkuð af sjálfinu og reynsluheimi þess. Upplifanir okkar gefa okkur þekkingu, forma skoðanir okkar á umheiminum og móta persónuleika okkar. Þar af leiðandi skiptir einnig máli hvernig við nýtum okkur þessi skynfæri til þess að lesa umhverfi okkar og greina það. Það má færa rök fyrir því að við nýtum þau jafnvel ómeðvitað, spurningin er kannski líka hversu alvarlega við tökum þau. Munurinn á því að nýta eingöngu sjónina og að nýta öll skynfærin hlýtur þar af leiðandi að vera gríðarlega mikill fyrir upplifun verunnar á byggingarlistinni. En það er ekki bara spurningin um hvernig við upplifum staði í umheiminum heldur einnig hvað við erum að upplifa á hverjum stað. Það er kannski ekki alltaf meðvitað hjá manneskjunni hvað hún er að upplifa og manneskjan er í sífellu að greina og skoða umhverfi sitt til að staðsetja sig í veröldinni og greina sjáfan sig. Í umhverfi okkar og á stöðum vill oft ríkja einhver andi eða ákveðið andrúmsloft, sem hefur áhrif á manneskjuna á sama tíma og manneskjan getur haft áhrif á þetta andrúmsloft. En hvernig skynjum við anda staðar í gegnum skynfærin og hvert er mikilvægi þeirra? Hvaða áhrif hafa skynfæri mannsins á staðar- og rýmisupplifun okkar og hvert er mikilvægi þeirra í sjálfri upplifunninni? Með aðstoð skynfæranna verður farið í ferðalag þar sem ímyndunarafl lesandans kemur við sögu og skoðaðir verða eiginleikar sem ekki eru fyrir ásjónu mannsins, bæði á heimspekilegum og arkitektónískum forsendum.

## *Byggingarlist hinna sjö skynfæra<sup>1</sup>*

Allar lifandi verur skynja staði í kringum sig í gegnum líkama sinn, þar sem líkaminn er einskonar hylki sem við skynjum í gegnum. Þetta hylki byggist upp á skynfærum, sál og sjálfinu sem er hjálpartæki manneskjunnar til þess að upplifa staði, finna fyrir þeim og skilgreina sjálfid í veröldinni og hlutverk þess. Hylkið er uppbyggt af innri og ytri skilningarávitum sem gera okkur kleift að upplifa, annarsvegar það sem á sér stað innra með okkur og hinsvegar hluti og aðstæður í kringum okkur.<sup>2</sup> Skynjun er miðlun upplýsinga um ástand innan líkama eða utan, hún getur verið meðvituð eða ómeðvituð.<sup>3</sup> Ferli skynjunarinnar hefst á því að skynnemi (*receptor*) tekur á móti áreiti, því næst er áreiti breytt í taugaboð og taugaboðið sent til heila.<sup>4</sup> Að lokum tekur heilinn á móti taugaboðunum og túlkar upplýsingarnar út frá fyrrí upplifunum og vitund verunnar. Áreiti hefur bæði eðliseiginleika og styrk. Þegar sama áreiti vara í langan tíma hækkar skynþróskuldurinn og skynjun minnkar.<sup>5</sup> Þetta kallast aðlögun, sumir skynnemar aðlagast fljótt en aðrir seint. Skynjun er hægt að flokka í almenna- og sérhæfða skynjun, þar sem húð, vöðvar, sinar, liðamót og líffæri eru undir almennri skynjun og lyktarskyn, bragðskyn, sjón, heyrn og jafnvægisskyn flokkast undir sérhæfða skynjun.<sup>6</sup>

Á endurreisnartímanum var horft á skynfærin fimm í þeirri virðingarröð að sjónin væri tignarlegasta skynfærið og snertingin það virðingarminnsta.<sup>7</sup> Kerfisbundin uppröðun skynfæranna var sett í myndrænt samhengi við alheimslíkamann, sjón í samhengi við eld og ljós, heyrn við loft, lykt við gufu, bragð við vatn og snerting við

---

<sup>1</sup> Juhani Pallasmaa, „An architecture of the seven senses“, *Questons of perception*. William Stout Publishers, San Francisco. 1994. Bls 27.

<sup>2</sup> Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm. (Skoðað 5.1.10).

<sup>3</sup> Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm. (Skoðað 5.1.10).

<sup>4</sup> Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm. (Skoðað 5.1.10).

<sup>5</sup> Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm. (Skoðað 5.1.10).

<sup>6</sup> Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm. (Skoðað 5.1.10).

<sup>7</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 29.

jörðina.<sup>8</sup> Í gegnum sögu hins vestræna heims hefur verið horft á sjónina sem göfugasta skynfæri líkamans og hugsunin séð í samhengi við sjónina og í grískri fornmenningu var fullvissa byggð á sjón og sýnileika.<sup>9</sup> Heraclitus skrifaði í einu af sínum brotum „The eyes are more exact witnesses than the ears“.<sup>10</sup> Platon leit á sjónina sem stærstu gjöf mannkynsins og hann hélt því fast fram að siðmenntaði heimurinn væri þannig aðgengilegur hinu huglæga auga.<sup>11</sup> Á sama hátt leit Aristóteles á sjónina sem göfugasta skynfærið, en hann var einnig lærisveinn Platons. Þetta hefur leitt af sér að arkitektúr okkar tíma hefur kannski snúist óþarflega mikið um sjónrænt mikilvægi á kostnað hinna skynfæranna. Alla jafna hefur arkitektúr orðið list hinnar þrykktu myndar sem fest er með hraða auga myndavélarinnar.<sup>12</sup> „Augnaráðið á það til að fletjast út í mynd og missa þjálni sína í stað þess að upplifa tilveru okkar í heiminum, við veitum því athygli utanfrá sem áhorfendur myndanna sem varpað er á yfirborð sjónhimnunnar“.<sup>13</sup>

Merleau-Ponty talar um að við sjáum dýpt, hraða, mókt og harðneskju hluta á meðan Cézanne segir að við sjáum jafnvel lykt hlutanna í kringum okkur.<sup>14</sup> Í hvert sinn sem maður verður fyrir snertiupplifun í arkitektúr kallar sú upplifun einnig á hin skynfæri hylkisins. Juhani Pallasmaa talar um í bókinni *Questons of Perception* að gæði efna, rýmis og skala eru mæld jafnt í gegnum augu, eyru, nef, húð, tungu, beinagrind og vöðva.<sup>15</sup> Sem er áhugavert því þarna er hann ekki einungis búin að gera skynfærin fimm jafngild, heldur er einnig búinn að bæta inn almennu skynfærunum, beinagrind og vöðvum. Þarna byrtist ljóslifandi hugtakið, „byggingarlist hinna sjö skynfæra“.

<sup>8</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 29.

<sup>9</sup> Juhani Pallasmaa, „Visison and Knowledge“, *The eyes of the skin, Architecture and the senses*, Wiley-Academy, 2005. Bls 15.

<sup>10</sup> Heraclitus, Fragment 101a, as quoted in *Modernity and the Hegemony of Vision*, ed David Michael Levin, University of California Press (berkeley and Los Angeles), 1993. Bls 1.

<sup>11</sup> Pallasmaa, „Visison and Knowledge“, *The eyes of the skin*:Bls 15.

<sup>12</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 29.

<sup>13</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 29.

<sup>14</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 30.

<sup>15</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 30.

## *Hljómburðareiginleikar náinna tengsla*

Sá sem heyrir hljóð lestar í fjarlægð um nótt í gegnum djúpan svefn og upplifir borgina og óteljandi borgarbúa hennar dreifða um byggingar hennar, þekkir mátt hljóðsins á ímyndunaraflið. Eingöngu þetta litla nætur blístur lestarinnar gerir einstaklinginn meðvitaðann um sofandi borgina. „Hver sá sem hefur orðið var við vatnsdropa falla í dimmu eyðibýli getur vitnað um furðulega hæfileika eyrans til að skera út fyllingu inn í tómarúm myrkursins.“<sup>16</sup> Rýmið sem er leitað uppi af eyranu verður holrúm mótað inn í hugann.<sup>17</sup> Allar byggingar og staðir hafa sín sérkenni hljóða, nándar, gestristni eða fjandskaps.

## *Pögn, tími og einvera*

Pallasmaa talar um að það mikilvægasta upplifun eyrans sem búið er til í gegnum arkitektúr sé friðsæld.<sup>18</sup> Arkitektúr kynnir atburði byggingarinnar hljóðlátt inn í efni og rými.<sup>19</sup> Í egypskum musterum mætum við þögn faróanna, í þögn gotneskra dómkirkja erum við minnt á síðustu deyjandi nótu georgíks söngs og bergmál rómverskra skrefa er við það að dofna í veggjum musteris Guðanna.<sup>20</sup>



*Mynd 1.*

<sup>16</sup>

Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 30.

<sup>17</sup>

Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 30.

<sup>18</sup>

Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 31.

<sup>19</sup>

Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 31.

<sup>20</sup>

Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 31.

## Rýni ilmsins

Maðurinn þarf eingöngu átta sameindir efnis til að hrinda af stað taugaboðum lyktar í taugaenda og manneskjan getur uppgötvað meira en 10.000 mismunandi lyktir.<sup>21</sup> Sterkasta minning rýmis vill oft verða ilmur þess. Sérstakur ilmur getur skyndilega hleypt okkur inn í rými sem hefur gjörsamlega verið eytt úr minni sjónhimnunnar; verk lyktarskynsins er að varpa upp gleymdu myndum og við erum lokkuð til þess að upplifa bjartan dagdraum.<sup>22</sup> Bachelard talar um lyktina af körfunni með þornandi rúsínum í húsi minninganna, hann talar um hversu erfitt er að lýsa þessari lykt með orðum og hvað þarf mikið ímyndunarafl til þess að finna þennan ilm.<sup>23</sup> Lyktarskynið kallar fram sterkar tilfinningar og minningar. Ólíkt sjón og heyrn þarf lyktin ekki að vera til staðar.<sup>24</sup> Það hefur sýnt sig að í raun og veru er hverfult eða stundum langvarandi eðli lyktarinnar eitt af hennar vandamálum og því erfitt að stjórna henni ef hún er afurð mannsins.<sup>25</sup>

## Bragð arkitektúrs

Adrian Stokes skrifar um hvernig listamaðurinn Veronese Paolo býður manni að smakka á marmaranum og að það sé hárfínn tilflutningur á milli snerti- og bragðupplifunar.<sup>26</sup> Það á sér einnig stað yfirfærsla frá sjón til bragðskyns, ákveðnir tónar lita ásamt fínlegum smáatriðum kalla fram bragðskyn. Líkt og Pallasmaa lýsir því þegar hann sannfærðist um að leggjast á hnén og snerta hvítan marmaraþröskuldinn á heimili í Carmel Kaliforníu eftir Charles and Henry Greene.<sup>27</sup>

---

<sup>21</sup> Juhani Pallasmaa, „Spaces of scent“, *The eyes of the skin*. Bls 54.

<sup>22</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 32.

<sup>23</sup> Gaston Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture, A render in cultural theory*, Neil Leach, Routledge 1997 . Bls 92.

<sup>24</sup> Anna Barbara and Anthony Perliss, samantekt úr bókinni Invisible Architecture. <http://www.dogrose-trust.org.uk/bookitem.htm?id=315>. (Skoðað 9.1.10)

<sup>25</sup> Anna Barbara and Anthony Perliss, samantekt úr bókinni Invisible Architecture. <http://www.dogrose-trust.org.uk/bookitem.htm?id=315>. (Skoðað 9.1.10)

<sup>26</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 37.

<sup>27</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 37.

Arkitektúr ítalska arkiteksins Carlo Scarpa kallar iðulega fram svipaða upplifun bragðskyns.<sup>28</sup> Japanski rithöfundurinn Tanizaki gefur áhrifamikla lýsingu á þaulhugaðri víxlverkun skynfæranna:

With lacquerware there is a beauty in that moment between removing the lid and lifting the bowl to the mouth when one gazes at the still, silent liquid in the dark depths of the bowl, its colour hardly differing from the bowl itself. What lies within the darkness one cannot distinguish, but the palm senses the gentle movements of the liquid, vapor rises from within forming droplets on the rim, and a fragrance carried upon the vapor brings delicate anticipation.<sup>29</sup>



Mynd 2.



Mynd 3.

<sup>28</sup>  
<sup>29</sup>

Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 37.  
Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 37.

## *Mótun snertingar*

Mannfræðingurinn Ashley Montagu segir eftirfarandi samkvæmt líffræðilegum sönnunum:

[The skin] is the oldest and the most sensitive of our organs, our first medium of communication, and our most efficient protector... Even the transparent cornea of the eye is overlain by a layer of modified skin... Touch is the parent of our eyes, ears, nose and mouth. It is the sense which became differentiated into the others, a fact that seems to be recognised in the age-old evaluation of touch as “the mother of the senses”.<sup>30</sup>

Húðin er eitt stærsta líffæri líkamans og einnig stærsta skynfæri líkamans.<sup>31</sup> Húðinni má líkja við einskonar himnu sem heldur sjálfinu saman og mótask að okkar persónuleika og persónueinkennum.<sup>32</sup> Himnan hefur snertiskyn sem skynjar snertingu, þrýsting, titring, kláða og kitl. Einnig hefur hún hitastigsskyn sem skynjar hita og kulda og svo sársaukaskyn.<sup>33</sup> Himnan les áferðir, þyngd, þéttleika og hita efna. Yfirborð gamals efnis hefur mótask af hinni fullkomnu gljáandi áferð efnismeðhöndlunar smiðsins og eljusömu hönd notandans.



*Mynd 4.*

<sup>30</sup>

Pallasmaa, „Touching the world“, *The eyes of the skin*: Bls 9.

<sup>31</sup>

Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm. (Skoðað 5.1.10).

<sup>32</sup>

Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*. Bls 84.

<sup>33</sup>

Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm. (Skoðað 5.1.10).

It is pleasurable to press a door before us; the clean shimmer of ageless wear has turned into an image of the building. The tactile sense connects us with time and tradition; through marks of touch we shake the hands of countless generations.<sup>34</sup>

Hendurnar eru margbrotinn samhangandi heild, frá fjarlægstu leit sem flæðir með leitinni inn að straumi framkvæmda.<sup>35</sup> Hendurnar hafa sögur, jafnvel eigin menningu og séreinkenni fugurðar.<sup>36</sup> Við verðum við beiðni þeirra um að hafa þau réttindi að hafa þeirra eigin þroska og uppbyggingu, eigin óskir, tilfinningar, skapgerð og viðfangsefni; skrifar Rainer Maria Rilke í ritgerð sinni um Auguste Rodin.<sup>37</sup> Heidegger stingur upp á að hendurnar séu skúlp túr augnanna og að þær séu einnig líffæri hugsana.<sup>38</sup>

[the]hand's essence can never be determined, or explained, by its being an organ which can grasp [...] Every motion of the hand in every one of its works carries itself through the element of thinking, every bearing of the hand bears itself in that element[...].<sup>39</sup>

### *Mynd vöðva og beina*

Vöðvar og bein eru hluti af líkamsstöðuskyninu. Þessi skynfæri senda upplýsingar til heila um spennu vöðva og sina, stöðu liðamóta og stöðu höfuðs.<sup>40</sup> Frummaðurinn notaði eigin líkama sem mæli- og hlutfallakerfi uppbyggingar.<sup>41</sup> Nauðsynleg leikni í því að lifa í hefðbundnu samfélagi er byggð á visku líkamanns sem er geymd í snertiminninu.<sup>42</sup> Mörg mikilvæg kunnátta og færni fornaldar veiðimannsins, sjómannsins, bónadans, steinsmiðsins og steinhöggravarans, var eftirlíking af holdi klæddri hefð vinnunnar sem geymd er í vöðva- og snertiskyninu.<sup>43</sup> Færni sem lærð var með því að bæta röð hreyfinga sem verður fágaðari með síðum, en ekki í gegnum

---

34

Pallasmaa, *Questons of perception*:Bls 37.

35

Pallasmaa, „The shape of Touch“, *The eyes of the skin*:Bls 56.

36

Pallasmaa, *Questons of perception*: Bls 9.

37

Rainer Maria Rilke, *Rodin*, þíðing Daniel Slager, Archipelago Books (New York), 2004. Bls 45.

38

Pallasmaa, *Questons of perception*. Bls 56.

39

Martin Heidegger, „What calls for thinking“, *Martin Heidegger, Basic writings*, Harper & Row (New York), 1977. Bls 357.

40

Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm. (Skoðað 5.1.10).

41

Pallasmaa, „Images of muscle and bone“, *The eyes of the skin*:Bls 60.

42

Pallasmaa, „Images of muscle and bone“, *The eyes of the skin*:Bls 60.

43

Pallasmaa, „Images of muscle and bone“, *The eyes of the skin*:Bls 60.

orð eða kenningar.<sup>44</sup> Líkaminn eða hylkið veit og man. Tilgangur arkitektúrs er sprottin frá svörun og gagnverkun sem hylkið og skynfærin muna eftir.<sup>45</sup> Arkitektúr er samtal frá hylki og himnu arkitektsins beinustu leið til greinandans eða íbúans.<sup>46</sup>

### *Líkamleg staðfesting*

Öll þekking okkar á veröldinni virðist byggja á skynjun. En einhvers konar þekkingar er þörf til að meta það áreiti sem skynfærin bera okkur og vinna úr því eiginlega skynjun sem hugsað og talað verður um. Þá virðumst við stödd í vítahring þar sem skynjun byggir á þekkingu og þekking á skynjun. Þann vítahring má brjóta með því að gera ráð fyrir einhverri meðfæddri þekkingu, sambærilegri við eðlishvatir dýra.<sup>47</sup>

Snertingin virðist vera mest ómeðvitaða skynfærið og einnig er horft á það skynfæri sem það lítilverðugasta. Þú getur verið blindur, heyrnalaus, bragðlaus og lamaður en þú finnur samt sem áður fyrir snertingunni. Það má vera að það sé dýrmætasta skynfæri mannsins, það sem greinir á milli þess að vera eða ekki vera. Snertiskynið er það skynfæri sem í rauninni myndar himnuna og heldur hylkinu og sjálfinu saman. Því má segja að himnan er það sem mótar manneskjuna að því sem hún er.

Heimspekingurinn Immanuel Kant taldi að það sem maðurinn upplifir sem vitund sína sé það sem berst í gegnum líkamleg verkfæri mannsins, skynfæri hans. Ekki er hægt að öðlast sjónrænar eftirmynndir án augna eða enduróm af hljóði án eyrna og hugsanir eða hugmyndir verða ekki til án heila. Skynmyndir, hljóð, hugmyndir o.s.frv. eru þó ekki þeir hlutir sem eru í umhverfi okkar heldur eftirmynndir okkar af þeim. Eftirmynndirnar eru aðeins til í þeim mannlegu verkfærum sem búa þær til.<sup>48</sup>

---

<sup>44</sup>

Pallasmaa, „Images of muscle and bone“, *The eyes of the skin*:Bls 60.

<sup>45</sup>

Pallasmaa, „Images of muscle and bone“, *The eyes of the skin*:Bls 60.

<sup>46</sup>

Pallasmaa, *Questions of perception*. Bls 36.

<sup>47</sup>

Atli Hardarson. „Getur skynjunin gefið okkur raunverulega þekkingu á veröldinni kringum okkur?“. *Vísindavefurinn* 20.6.2000. <http://visindavefur.is/?id=542>. (Skoðað 8.1.2010).

<sup>48</sup>

Bryan Magee. *Söga heimspekinnar*, Mál og menning. 2002. Bls. 134 - 135

## *Hvað er staður og hvað myndar staði?*

Stað er hægt að greina sem svæði með óákveðnum mörkum, einhverskonar blettur, hvort sem hann er stór eða smár. Oftast með tilliti til að eitthvað eða einhver er þar, kemur þangað, eða eitthvað gerist þar.<sup>49</sup> Staður getur einnig þýtt vist eða heimili og jafnvel höfuðból eða prestsetur.<sup>50</sup> Hann getur verið slæmur líkt og helvíti og góður líkt og himnaríki og hér áður fyrr hafði orðið merkinguna hugprýði og staðlynd.<sup>51</sup> „Hugtakið staður er grundvöllur að svo ótalmörgu í daglegu lífi allra manna.“<sup>52</sup> Þegar talað er um að atburður hafi átt sér stað merkir það að atburðurinn hafi orðið og því er hægt að tilgreina staðinn þar sem hann varð.

Staðurinn er samsettur af efnislegum og óáþreifanlegum hlutum sem hafa formfestu, efniskennd og liti.<sup>53</sup> Þetta er meginþáttur staðarins eða það sem kallað er einkenni staðar.<sup>54</sup> Það sem ekki á sér stað hefur ekki orðið.<sup>55</sup> Skýrleiki staða er mis sterkur og afmörkun er meðal annars fólgin í efnislegri mótnun hans, ásamt skynjun og sögu greinandans. Við þekkjum best þá staði sem bundnir eru við jörðina og þegar um er að ræða staði í náttúrunni þá afmarkast þeir til dæmis af fjöllum, hólum, hæðum, klettum, strönd, skorningum o.s.frv. Í þeim markast staðir oftast af manngerðum hlutum, götum, húsum, torgum, gangstéttum, veggjum og þannig mætti lengi telja. Pallasma talar um í greininni „An Architecture of the Seven Senses“ hvernig skynjun aðdráttaraflsins sé kjarni arkitektúrs og að góður arkitektúr myndi meðvitund verunnar á aðdráttaraflinu og jörðinni.<sup>56</sup> Sumir staðir virðast skýrari gagnvart

<sup>49</sup> <http://snara.is/vefbaekur/g.aspx?dbid=2&sw=staður&btn=Leita&action=search&b=x>, (Skoðað 6.1.2010).

<sup>50</sup> <http://snara.is/vefbaekur/g.aspx?dbid=2&sw=staður&btn=Leita&action=search&b=x>, (Skoðað 6.1.2010).

<sup>51</sup> <http://snara.is/vefbaekur/g.aspx?dbid=2&sw=staður&btn=Leita&action=search&b=x>, (Skoðað 6.1.2010).

<sup>52</sup> Hjörleifur Stefánsson: „Hvað er staður?“, *Andi Reykjavíkur Genius Reykkiavicensis*, JPV útgáfa 2008. Bls.15.

<sup>53</sup> Christian Norberg-Schulz: „The phenomenonenon of place“ *Theorizing a new agenda for architecture*, Princeton architectural press 1996. Bls. 414.

<sup>54</sup> Norberg-Schulz: „The phenomenonenon of place“ *Theorizing a new agenda for architecture*. Bls 414.

<sup>55</sup> Hjörleifur Stefánsson: „Hvað er staður?“, *Andi Reykjavíkur*: Bls.17.

<sup>56</sup> Pallasmaa, *Questons of perception*. Bls 37.

mismunandi manneskjum og þar af leiðandi orka þeir sterkar á skynfæri greinandans. Arkitektúr styrkir lóðréttu upplifanir okkar á heiminum.<sup>57</sup> Á sama tíma og hann gerir okkur kunnugt um dýpt jarðar, hann lætur okkur dreyma um að takast á loft og fljúga.<sup>58</sup>



Mynd 5.

Sumir staðir henta misvel til mismunandi athafna. Viðfangsefni byggingarlistar og borgarskipulags er meðal annars að skapa staði sem henta hver um sig sem umgjörð um daglegt líf einstaklinga og hópa í samféluginu.<sup>59</sup> Við megum ekki heldur gleyma að fólkið í samféluginu er stór þátttakandi í að móta þessa staði borgarinnar með tilvist sinni. Við móturnum borgina út frá þörfum okkar og þar sem borgin mætir þörfum okkar myndast staðir sem er forsenda þess að atburðir „eigi sér stað“. Þetta gerum við með því að spenna út rými staða, spyrja spurninga og svara þeim með því að fullnæja þörfum okkar. Þegar við spennum út rými staða greinum við hvaða hlutir mynda rýmið og hvar þeir eru staðsettir. Þegar við greinum endamörk rýmisins getur

<sup>57</sup>

Pallasmaa, *Questons of perception*. Bls 37.

<sup>58</sup>

Pallasmaa, *Questons of perception*. Bls 37.

<sup>59</sup>

Hjörleifur Stefánsson: „Hvað er staður?“, *Andi Reykjavíkur*: Bls.17.

greiningin verið huglæg og áhrifavalldarnir geta meðal annars verið byrta, húsgögn, manneskjur eða jafnvel minning.

Christian Norberg-Schulz talar um í greininni „The phenomenon of space“ að staður er eitthvað miklu meira en bara staðsetning.<sup>60</sup> Einnig talar hann um að fyrirbærafræði (e. phenomenology) staðar og arkitektúrs sé gríðarlega mikilvæg. Öll skilningarárvitin verði að taka með í reikninginn og rýmið skynjað með tilliti til fyrirbærafræðinnar. Fyrirbærafræði er fræðigrein eða aðferð sem talin er liggja til grundvallar allri heimspeki og lýsir því hvernig viðföng hugsunar tengjast vitund mannsins. Samkvæmt kenningum Hegels; „lysing þess hvernig heimsandinn gerir grein fyrir sjálfum sér.“<sup>61</sup> Þýski heimspekingurinn Edmund Husser segir að;

„Bein afleiðing af áherslunni á fyrirbærin er sú að rannsóknin hlýtur að miðast við tiltekinn athuganda sem sér fyrirbærin frá sínu eigin sjónarhorni og er raunar bundinn því á tiltekinn hátt – það er sjónarhorni fyrstu persónunnar. Fyrirbærafræðin gagnrýnir vísindin fyrir að lýsa hlutunum alltaf frá sjónarhorni þriðju persónu, það er utan frá – en gá ekki að því að slík lýsing byggir ófrávíkjanlega á grunnreynslu tiltekina einstaklinga af fyrirbærunum, með öðrum orðum reynslu sem á sér stað undir sjónarhorni fyrstu persónunnar. Fyrirbærafræðin einsetur sér að taka þessa grundvallarstaðreynd um mannlega reynslu til gaumgæfilegrar skoðunar og greiningar.“<sup>62</sup>

Martin Heidegger talar um enska orðið *dwelling* og segir að þýðing þess sé hvernig ég er og hvernig þú ert, sem og hvernig við mannfólkid erum í heiminum.<sup>63</sup> Enska orðið *dwelling* þýðir staður, dvalarstaður, bústaður eða heimili. En samkvæmt Heidegger þýðir hugtakið staður að vera, að vera einhverstaðar á tilteknum tíma í heiminum.<sup>64</sup> Líkt og að vera til, maðurinn er til í þessum heimi og heimurinn er til og allt þetta breytist með tímanum sem líður, en heimilið og staðirnir í heimnum væru ekki til ef við mannfólkid værum ekki búin að greina að þeir væru til staðar. Til að geta greint

---

<sup>60</sup> Norberg-Schulz: „The phenomenonen of place“ *Theorizing a new agenda for architecture*: Bls 414.

<sup>61</sup> Björn Þorsteinsson. „Hvað er fyrirbærafræði?“. *Vísindavefurinn* 26.2.2008. <http://visindavefur.is/?id=7104>. (Skoðað 6.1.2010).

<sup>62</sup> Björn Þorsteinsson. „Hvað er fyrirbærafræði?“. *Vísindavefurinn* 26.2.2008. <http://visindavefur.is/?id=7104>. (Skoðað 8.1.2010).

<sup>63</sup> Martin Heidegger, „Bulding, dwelling, thinking“, *Basic writings*, ed David Farrell Krell. HarperCollins NY, 2008. Bls 345.

<sup>64</sup> Heidegger. „Bulding, dwelling, thinking“, *Basic writings*:Bls 349.

að einhver staður sé til í heiminum verður einhver greinandi að hafa greint hann og staðsett hann. Þannig að út frá þessum kenningum má draga þá ályktun að staður sé ekki til í vitund einstaklingsins fyrr en einstaklingurinn hefur komið á staðinn og upplifað hann í gegnum himnuna og borið kennsl á hann. Einstaklingurinn sem greinir staðinn verður greinandinn og staðfestir tilvist staðarins með því að spenna út rýmið með himnunni, skynfærunum og sögulegu samhengi sínu, hann greinir hvað myndar staðinn og hvar þeir hlutir eru staðsettir sem mynda hann.

Í textanum „Poetics of space“ fjallar Gaston Bachelard um tilfinningar rýma, þar sem hann kallar til þess að við tökum fleiri skilningarávitanna, ásamt mikilvægi dagdrauma alvarlega.<sup>65</sup>

„Arkitektúr hefur í för með sér opnum skynjunarinnar og hugsanlega opinberun einhvers sannleika. Túlkunarfræðin opnar fyrir skilning á þessum sannleika og þessi opinberun er breytileg frá manni til manns“.<sup>66</sup>

Út frá þessum kenningum getum við verið sammála um að greinandi staðarins skiptir máli, saga hans og persónuleiki geta haft sterkan þátt í upplifuninni á því að greina hvað myndar staðinn. Bachelard talar um að til að skilja staði eða byggingar verðum við að sneiða hjá beinni lýsingu og komast hjá takmarkandi fjötrum raunsæishygjunnar.<sup>67</sup> „Við þurfum að snúa okkur að heimi dagdrauma þar sem minningar og ímyndunarafl eru samofin“.<sup>68</sup> Því dagdraumar eru kraftmeiri en hugsanir og í gegnum ljóðrænar eða tilfinningarlegar víddir þeirra getum við komist að kjarna staðarins sem hefur glatast í skugga fortíðarinnar.<sup>69</sup> Bachelard talar um að við upplifum staði og byggingar í raunveruleikanum í gegnum hugsanir og drauma.<sup>70</sup> Við byggjum óápreifanlega veggi og sjáum skugga eða huggum okkur við ímyndað skjól eða öfugt og treystum ekki þykkustu, rammgerðstu veggjunum. Af þessu má

---

<sup>65</sup>

Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*:Bls 83.

<sup>66</sup>

Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*:Bls 84.

<sup>67</sup>

Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 85.

<sup>68</sup>

Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 85.

<sup>69</sup>

Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 85.

<sup>70</sup>

Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 86.

dæma að einstaklingurinn kemur á staðinn sem greinandi og hann greinir staðinn með himnunni og hinum skynfærunum. Þar sem finna má sammannlega þætti staðarins, er hægt að vera sammála um að allir sjái fjöll, læk og hús á tilteknum stað. Þar næst setur hann staðinn í samhengi við menningarlega sögu sína og upplifanir. Þá má telja að fólk úr sama menningarhópi upplifi myndun staðarins á svipaðan hátt. Staðurinn hefur þar með sammenningarlegan þátt. Svo í lokin túlkar sjálfið staðinn út frá eigin sögu, þar sem innri skilningarvitin taka hugsanir og dagdraum greinandans inn í myndina og myndun staðarins verður sértæk. Greinandinn tekur þennan stað og hýsir hann í minningunni, sem gerir honum kleift að ferðast alltaf aftur til staðarins í minningunni.<sup>71</sup>

„Minningar eru óhreyfanlegar, því óhagganlegri og fastari sem þær eru í rými, því heilsteyptari verða þær. Rými allra minninga okkar um einveru, rými þar sem við þjáðumst, nutum og þráðum einveru, verða ævarandi inni í okkur, af því að við viljum það.“<sup>72</sup>

Við þekjum alheiminn meðal annars með myndum, lyktum og áferðum af því sem við höfum upplifað.<sup>73</sup> Þær þurfa ekki að vera nákvæmar, aðeins að tóna við okkar innra rými. Ég ein get farið aftur til æskuheimilis míns, gamla herbergisins míns og upplifað það í gegnum minningar, dagdrauma, fundið lyktina og tilfinninguna sem því fylgir. Ég get ekki lýst því fyrir neinum, lesandinn myndi ekki fara þangað fyrr en hann hætti að lesa og færi til baka á sínum eigin forsendum, en það verður ekki sama rýmið sem ég reyni að lýsa. Húsið sem við fæddumst eða ólumst upp í felur í sér meira en heimili, það felur í sér drauma. Fyrir hvert og eitt okkar er til draumahús, hús draummennis, sem er glatað í skugga nútíðarinnar eða með öðrum orðum raunveruleikans.<sup>74</sup> Draumahúsið er einnig einskonar notkunarskýringarmynd okkar. Bachelard kallar þetta draumahús grafhvelfingu hússins sem við fæddumst í.<sup>75</sup> Til að

<sup>71</sup> Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 89.

<sup>72</sup> Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 90.

<sup>73</sup> Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 91.

<sup>74</sup> Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 92.

<sup>75</sup> Bachelard, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture*: Bls 92.

viðhalda tengslum við þetta hús eru draumar öflugri en hugsanir, eitthvað afl í undirmeðvitundinni kristallar fjarlægar minningar og gerir okkur kleift að endurupplifa anda staðarins.



*Mynd 6.*

## *Andi staðar og myndun hans*

Í rómveskri goðafræði er talað um hugtakið *Genius loci* sem einskonar verndar anda sem vakir yfir staðnum og því sem á honum er.<sup>76</sup> Frá fornöldum hefur andi staðar verið þekktur sem það einlægasta og hreinasta sem veran þarf að upplifa og lifa við í hinu daglega lífi.<sup>77</sup> Latínska hugtakið *Genius loci* þýðir andrúmsloft staðar eða fylling staðarins, það sem fyllir hann og gerir stað að því sem hann er. Andi staðarins eða *Genius loci* er yfirgrípsmesta eign hvers og eins staðar.<sup>78</sup> Fyrir Alexander Pope var *Genius loci* eitt megin lögmál í garða- og landslagsarkitektúr.<sup>79</sup> Þar sem leikmynd þrívíddarinnar er skipulögð af þeim hlutum sem mynda staðinn, myndar ástand staðarins anda hans. Andi staðar er það sem einkennir hann, sem býr innra með honum og það sem hann býður upp á. Eins og Heidegger talar um þá á maður að horfa á það sem er í kringum mann, sjá hlutina fyrir það sem þeir eru og virða þá fyrir það sem þeir eru.<sup>80</sup>



Mynd 7.

<sup>76</sup> Christian Norberg-Schulz. „Space and Time“ *Problems of Philosophy - An Introductory Survey*, Henry Holt and Company, New York. 1980. Bls. 5.

<sup>77</sup> Christian Norberg-Schulz. „Space and Time“ *Problems of Philosophy - An Introductory Survey*, Henry Holt and Company, New York. 1980. Bls. 5.

<sup>78</sup> Norberg-Schulz: „The phenomenonon of place“ *Theorizing a new agenda for architecture*: Bls 422.

<sup>79</sup> Genius loci, <http://www.answers.com/topic/genius-loci>. (Skoðað 13.1.2010).

<sup>80</sup> Heidegger, „Bulding, dwelling, thinking“, *Basic writings*: Bls 345.

Til að skynja anda staðar þarf að kveikja á skynfærunum og nota himnuna sem við höfum til þess að upplifa. Snertingin eða himnan er gríðarlega mikilvæg til þess að geta skynjað hvernig hlutir eru, fundið fyrir hita eða kulda, mýkt og strúktúr staðarins. Mikilvægt er að taka allt inn í reikninginn og sjá með öllum skynfærunum sem þú hefur að geyma innan himnunnar. Leyfa einnig þínnum anda að upplifa með þinni sögu svo sjálfið skilji hvað er að gerast á þessum tiltekna stað.

Ef við skoðum Austurvöll í miðbæ Reykjavíkur þá er það staður sem virðist hafa mikla sögu og sterkan anda meðal þjóðarinnar. Þarna hefur íslenska þjóðin komið saman á erfiðistímum þjóðarinnar og staðið saman í því að breyta og bæta til betri vegar. Ef við lítum á þann anda sem ríkti sterkt á Austurvelli í janúar 2009 í margskonar veðrum og vindum sjáum við anda samstöðu þjóðarinnar styrkja sögulegann anda staðarins. Þetta er gott dæmi um það að andi staðar breytist ekki endilega með tímanum og breytingum, heldur getur styrkst frekar. Ef fólk hættir hinsvegar að vera á tilteknum stað mun andi staðarins líklegast hverfa.<sup>81</sup> Andi staðar gefur honum líf, líkt og allar lifandi verur hafa anda og sá andi gefur verunni líf. Manneskjan sjálf á tilteknum stað verður hluti af því að mynda þennan anda sem á staðnum er. Því verður tilvist verunnar gríðarlega mikilvæg í upplifun anda staðarins. Því má segja að staður er ekki til í vitund verunnar fyrr en hún hefur komið á tiltekin stað, skynjað hann og greint staðinn og þar með fest hann í vitundinni. Þegar veran hefur spennt út rými staðar og fest við staðinn ákveðnar upplifanir á hún möguleika á því að komast þangað í gegnum draumrýmið. Þegar svo er komið á staðinn aftur verður upplifunin ef til vill önnur þar sem staðurinn er þekktur fyrir verunni og hún búin að festa minningar við hann.

Ensk-ameríkanski arkitektinn og arkitektúrsagnfræðingurinn Kenneth Frampton talar um mikilvægi þess að sjá arkitektúrinn í samhengi við staðareinkenni. Einnig á

---

<sup>81</sup>

Jón Gunnar Þorsteinsson. „Hvað er útópía?“. *Vísindavefurinn* 5.5.2003. <http://visindavefur.is/?id=3388>. (Skoðað 14.1.2010).

arkitektúrinn að vera svar við þeim kröfum sem staðurinn hefur fyrir undirlag, ljós og veðurfar, ásamt því að opna sig útávið í mismunandi menningu og upplifunin skiptir meira máli en upplýsingarnar sem arkitektúrinn gefur frá sér.<sup>82</sup> Þessar kröfur sem staðurinn hefur eru þáttur í því að mynda anda saðarins. Áhrifavaldar anda staðar geta verið svo ótal margir líkt og árstími, tími dags og veðurfar, ásamt efnisfræði staðar og efnisnotkun hans.

Hægt er að greina anda staðarins út frá sammannlegum, sammenningarlegum og sértækum þáttum. Það sem býr undir sammannlegum eiginleikum er meðal annars það að manneskjan er í nánast svipuðum dímensjónum og hefur nokkurn vegin sömu skynfæri. Sammenningarlegir eiginleikar eiga við þá sem koma meðal annars frá sama landi eða sömu borg eða bæ, þeir hafa alist upp við og upplifað sömu menningu. Ef tvær manneskjur hafa alist upp í sömu borg og hafa sömu skynfæri er því líklegt að þær taki sömu hluti upp en vinni svo mismunandi úr þeim. Þær fara að greina staðinn og anda hans nánar og máta hann við sín draumrými. Þá vill gerast að þær upplifi mjög ólíkan anda og upplifunin verður sértæk. Því má segja að upplifun anda staðar verður aldrei að öllu leiti hin sama hjá tveim ólíkum einstaklingum sama hversu líkir þeir eru. Saga staðar getur myndað ákveðin anda í sögulegu samhengi. En upplifun verunnar á staðnum og greining hennar á honum fær hana að öllum líkindum til að upplifa sértækan anda sem tengist hennar sögu og fyrri upplifunum.

---

<sup>82</sup>

Nils-Ole Lund, „Arkitekturterorier siden 1945, “Stedet” og den fenomenologiske insperasjon“. Arkitekturens Forlag 2001. Bls 220.

## *Hvernig skynjum við anda staðar í gegnum himnuna og hvert er hlutverk byggingarlistar?*

Þegar við upplifum arkitektúr má segja að við höfum skilningarvitin sem einskonar verkfæri. Þessi verkfæri eru okkar hjálpartæki við að skilja og skynja til að geta skilgreint okkar umhverfi. Við viljum finna fyrir anda staðarins og upplifa hann, því andi staðarins hjálpar til við skilgreiningu okkar á staðnum, hvaða hlutverki við þjónum þar og hvað okkar tilgangur er á staðnum. Einnig er umhverfi okkar þáttur í því ferli að skilgreina sjálfið, því sjálfið er stöðugt að spryra spurninga og leita svara til sjálfsgreiningar. Þessi himna er einn af þeim þáttum sem geta spilað stóran þátt í þeirri upplifun sem við upplifum þegar við spennum út rýmið í kringum okkur. Himnan okkar hefur því mikil áhrif á það hvernig við upplifum anda staðar, og því má spryra sig hvort við séum einskonar fangi í eigin himnu? Ef sjálfið gæti flakkað á milli hylkja og upplifað staði í veröldinni út frá mismunandi hylkjum mundum við líklegast geta séð heiminn í mun víðara samhengi.

Verkefni arkitektúrs er að búa til hold tilverunnar sem byggir upp tilveru mannsins í heiminum. Arkitektúr efnisgerir myndir okkar af fullkomnum heimi.<sup>83</sup> Byggingar og borgir gera okkur það kleift að skilja og muna og setja svo saman ólögulegt flæði raunveruleikans, og að lokum bera kennsl á og muna hver við erum. Arkitektúr gerir okkur kleift að staðsetja okkur sjálf í menningunni og muna hver við erum.<sup>84</sup> Allar upplifanir gefa í skyn athöfnina að muna og gera upp á milli. Himnan full af minningum hefur ómissandi hlutverk eins og undirstaða þess að muna eftir stað eða rými.<sup>85</sup> „Heimili okkar og bústaður er samþætta við sjálfið og okkar eiginleika, heimilið verður einskonar hluti af okkar himnu og tilveru“.

---

<sup>83</sup>

Juhani Pallasmaa, 1994:Bls 37.

<sup>84</sup>

Lund, ““Stedet” og den fenomenologiske insperasjon“ *Arkitekturterorier siden 1945*: Bls 226.

<sup>85</sup>

Pallasmaa, „The task of architecture“, *The eyes of the skin*: Bls 71.

Í eftirminnilegum upplifunum í arkitektúr, skiptist rýmið, litur þess og tími inn í eina staka vídd í grundvallar efni þess að vera. Þetta skerpir á meðvitundinni.<sup>86</sup> Við berum kennsl á sjálfið í rýminu, staðnum, þessu augnabliki og þessar víddir á meðan þær verða það sem þarf til tilvistar. Arkitektúr er listin að málamiðlun og komast að samkomulagi.

Arkitektúr snýst ekki eingöngu um fallegar fasöður heldur hvernig hann mætir manneskjunni og hvernig hann hleypir manneskjunni inn.<sup>87</sup> Arkitektúr gerir okkur kleift að upplifa og skilja samspilið milli breytinga og stöðugleika, til þess að búsetja okkur í heiminum og í hinni síbreytilegu menningu.<sup>88</sup> Pallasmaa bendir á Frank Lloyd Wright og Alvar Alto sem þá arkitekta sem tekist hefur að gera öll skynfærin hluta af upplifun arkitektúrsins. Einnig nefnir hann ekspressjónisma arkitektana Erich Mendelsohn og Hans Scharoun.<sup>89</sup>

---

<sup>86</sup> Pallasmaa, *Questions of perception*:Bls 37.

<sup>87</sup> Lund, ““Stedet” og den fenomenologiske insperasjon“ *Arkitekturterorier siden 1945*: Bls 226.

<sup>88</sup> Lund, ““Stedet” og den fenomenologiske insperasjon“ *Arkitekturterorier siden 1945*: Bls 226.

<sup>89</sup> Lund, ““Stedet” og den fenomenologiske insperasjon“ *Arkitekturterorier siden 1945*: Bls 226.

## *Lokaorð*

Út frá þessum rannsóknum mínum finnst mér áhugavert og spennandi hversu mikil áhrif byggingarlistin hefur á veruna, þ.e. hvernig hæð, breidd og dýpt rýmis í hlutföllum við veruna og hylki hennar, getur gefið sterkar upplifanir um hlýju eða kulda, ógnun eða notalegheit, ró eða áreiti og þannig mætti lengi telja, ásamt því hvernig efnisnotkun, staðarhættir og smáatriði staðar geta kallað fram mismunandi tilfinningar og minningar í verunni.

Gæði efna, rýmis og skala eru mæld jafnt í gegnum augu, eyru, nef, húð, tungu, beinagrind og vöðva.<sup>90</sup> Veran skynjar umhverfi sitt, túlkar það í gegnum sjálfið og reynsluheim hennar. Mikilvægt er að veran nýti sér öll þau skynfæri sem hún hefur til upplifunar, horfi á þau sem jafngild og taki þau alvarlega, því upplifanir er eitt af því sem gefur okkur þekkingu, formar skoðanir okkar á umheiminum og mótar persónuleika okkar.

Veran sjálf á tilteknum stað verður hluti af því að mynda þennan anda sem á staðnum er. Tilfinningar og draumrými verunnar hefur áhrif á upplifanir hennar á umhverfinu. Flest þekkjum við hvernig upplifanir og minningar geta verið mismunandi milli fólks, líkt og þegar hjón eða góðir vinir sem hafa upplifað sama stað og stund, en frásögn annars þeirra af sinni upplifun er óþekkjanleg fyrir hinn aðilann. Þarna byrtist ljóslifandi mikilvægi hinna sjö skynfæra byggingarlistar.

## *Heimildaskrá*

- Bachelard, Gaston, „Poetics of space“, *Rethinking Architecture, A reader in cultural theory*, Neil Leach, Routledge 1997 .
- Heidegger, Martin, „Building, dwelling, thinking“, *Basic writings*, ed David Farrell Krell. HarperCollins NY, 2008.
- Heidegger, Martin, „What calls for thinking“, *Martin Heidegger, Basic writings*, Harper & Row (New York), 1977.
- Heraclitus, Fragment 101a, as quoted in *Modernity and the Hegemony of Vision*, ed David Michael Levin, University of California Press (berkeley and Los Angeles), 1993.
- Hjörleifur Stefánsson: „Hvað er staður?“, *Andi Reykjavíkur Genius Reykkiavicensis*, JPV útgáfa 2008.
- Holl Steven, Pallasmaa Juhani, Pérez-Gómez Alberto, *Questions of perception*. William Stout Publishers, San Francisco. 1994.
- Lund, Nils-Ole, ““Stedet” og den fenomenologiske insperasjon“, *Arkitekturterorier siden 1945*, Arkitekturens Forlag 2001
- Magee, Bryan. *Söga heimspekkinnar*, Mál og menning. 2002.
- Norberg-Schulz, Christian: „The phenomenology of place“ *Theorizing a new agenda for architecture*, Princeton architectural press 1996.
- Norberg-Schulz, Christian. „Space and Time“ *Problems of Philosophy - An Introductory Survey*, Henry Holt and Company, New York
- Norberg-Schulz, Christian. *Genius Loci. Towards a Phenomenology of Architecture*. Academy Editions, London. 1980.
- Pallasmaa Juhani, The eyes of the skin, Architecture and the senses, Wiley-Academy, 2005.
- Pallasmaa Juhani, „An architecture of the seven senses“, *Questions of perception*. William Stout Publishers, San Francisco. 1994

Rilke, Rainer Maria, *Rodin*, þíðing Daniel Slager, Archipelago Books (New York), 2004.

## **Vefsíður**

Anna Barbara and Anthony Perliss, samantekt úr bókinni Invisible Architecture.  
<http://www.dogrose-trust.org.uk/bookitem.htm?id=315>. (Skoðað 9.1.10)

Atli Harðarson. „Getur skynjunin gefið okkur raunverulega þekkingu á veröldinni kringum okkur?“. *Vísindavefurinn* 20.6.2000. <http://visindavefur.is/?id=542>. (Skoðað 8.1.2010).

Björn Þorsteinsson. „Hvað er fyrirbærafræði?“. *Vísindavefurinn* 26.2.2008.  
<http://visindavefur.is/?id=7104>. (Skoðað 6.1.2010).

Guðrún Narfadóttir. Skynfærin. [thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm](http://thor.vma.is/kennsla/lif103/skynfaeri.htm).  
(Skoðað 5.1.10).

Jón Gunnar Þorsteinsson. „Hvað er útópía?“. *Vísindavefurinn* 5.5.2003.  
<http://visindavefur.is/?id=3388>. (Skoðað 14.1.2010).

Orðabók:<http://snara.is/vefbaekur/g.aspx?dbid=2&sw=staður&btn=Leita&action=search&b=x>

## *Myndaskrá*

- Mynd.1: eigandi myndar Patrick Landy: 360 Degree view of the pantheon, ljósmynd fengin af: [upload.wikimedia.org/wikipedia/en/1/1e/Pantheon\\_360.jpg](http://upload.wikimedia.org/wikipedia/en/1/1e/Pantheon_360.jpg)
- Mynd.2: Smátriði í hönnun arkitektsins Carlo Scarpa. Ljósmynd fengin af: [http://farm4.static.flickr.com/3209/3015389234\\_cb418e574f.jpg](http://farm4.static.flickr.com/3209/3015389234_cb418e574f.jpg)
- Mynd.3: Stigi í hönnun arkitektsins Carlo Scarpa. Ljósmynd fengin af: [http://www.windoweb.it/guida/scienze/scienze\\_foto/carlo\\_scarpa1.jpg](http://www.windoweb.it/guida/scienze/scienze_foto/carlo_scarpa1.jpg)
- Mynd.4: Forsíða bókarinnar. Pallasmaa Juhani, The eyes of the skin, Architecture and the senses, Wiley-Academy, 2005. Mynd fengin af: [http://media.wiley.com/product\\_data/coverImage300/80/04700157/0470015780.jpg](http://media.wiley.com/product_data/coverImage300/80/04700157/0470015780.jpg)
- Mynd 5: Íslensk náttúra: Mynd fengin af: [graphics8.nytimes.com/images/2006/06/18/travel/escapes/18iceland\\_600.jpg](http://graphics8.nytimes.com/images/2006/06/18/travel/escapes/18iceland_600.jpg)
- Mynd.6: Winter Dreaming. Mynd fengin af [www.josephinewall.co.uk/surreal/winter\\_dreaming.jpg](http://www.josephinewall.co.uk/surreal/winter_dreaming.jpg)
- Mynd.7: Geniur Loci: Mynd fengin af: [upload.wikimedia.org/wikipedia/commons/thumb/6/60/Cotopaxi\\_church.jpg/800px-Cotopaxi\\_church.jpg](http://upload.wikimedia.org/wikipedia/commons/thumb/6/60/Cotopaxi_church.jpg/800px-Cotopaxi_church.jpg)